



Námsáætlun

TEXT3tv05 vorönn 2021

Kennari: Íris Bjarnadóttir

Markmið:

Áfanginn er á 3. þrepi. Krafist er sjálfstæðrar vinnu af nemanda ásamt rannsóknar- og hugmyndavinnu.

Í áfanganum læra nemendur textílhönnun og aðferðir við að vinna textíl bæði fyrir fatnað og textílvörur.

Nemendur kynnast skapandi munsturgerð með mismunandi aðferðum, m.a. í tölvu. Nemendur eru þjálfaðir í notkun litaskala og þemavinnu við hönnun.

Kynntar eru ýmsar aðferðir við að vinna yfirborð efna á skapandi hátt.

Nemendur kynnast sjálfbærni í fata- og textílhönnun og vinna verkefni tengt því.

Nemendur vinna hugmyndamöppu með prufum unnum með mismunandi aðferðum og útlitun á aðferðum en út frá þeim er unnin hugmyndavinna á skapandi hátt.

Lokaverkefni er unnið út frá þema og útfært á vandaðan hátt í fullunna vöru.

Nemendur kynnast textílhönnuðum og textillistamönnum bæði í tímum og í vettvangsferðum eftir því sem færi gefst. Áhersla er lögð á sköpun og hugmyndavinnu og samhengi á milli verkefna.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig litaskalar og þemavinna tengjast fata og textílhönnun
- hvernig munsturgerð fer fram
- mismunandi aðferðum við yfirborðsvinnu á textíl og hvernig má nota þær í fatahönnun
- hvernig endurnýta má textíl í fatahönnun
- skissu- og hugmyndavinnu að textílefnum og textílvörum
- íslenskum og alþjóðlegum textílhönnuðum og textillistamönnum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja saman litaskala og tengja þá þemavinnu
- vinna með munstureiningar og setja þær saman í mismunandi munstur í tölvu
- vinna yfirborðsvinnu með nýjum og gömlum aðferðum á textíl á skapandi hátt
- afla sér upplýsinga um hönnuði og listamenn
- endurnýta gamlan textíl í nýjar tískuvörur

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tölvuvinna munstur í tengslum við þemu og litaskala
- vinna og endurvinna textíl með mismunandi aðferðum, gömlum og nýjum á skapandi hátt.

Kennslugögn: glósur frá kennara, netmiðlar og bækur. Eigin vinna nemandans.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.			
02. 1.-5. mars	Kynning á verkefnum áfangans. Fyrsta textilverkefnið kynnt.	Unnin verða 4-5 textilverkefni yfir önnina og svo endar á lokaverkefni.	
03. 08-12. mars	Textilverkefni		Úrsagnareindagi 9. mars.



04. 15.-19 mars	Textíilverkefni		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Textíilverkefni		Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafri
06. 07.-09. apríl	Textíilverkefni		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Textíilverkefni		
08. 19.-23. apríl	Textíilverkefni		Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Textíilverkefni	27. apríl - Skila möppu með öllum textíilverkefnum annarinnar	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Lokaverkefni	Nemendur velja eina af textílaðferðunum og gera lokaverkefni úr því.	
11. 10.-14. maí	Lokaverkefni	Vinna í lokaverkefni	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Lokaverkefni	18. maí - Skila lokaverkefni	

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi með verkefnaskilum. Nemendur skila vandaðri vinnu og ferilmöppu sem unnin hefur verið jafnt og þétt yfir önnina ásamt öðrum verkefnum. Vinnusemi, ástundun, skilvirkni og vandvirkni er einnig hluti af námsmati. Hugmyndaauðgi og skapandi verkefnaval eru undirstöðuatriði.

Ferilmappa með textíilverkefnum	70%
Lokaverkefni	20%
Ástundun og vinnusemi	10%

87% Raunmæting

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.